

Breyting á deiliskipulagi Ólafsdals – Viðbrögð við athugasemdum við auglýsta tillögu – 9.apríl 2025	
Umsagnaraðili	Viðbrögð
1. Minjastofnun Íslands	
Hefur ekki athugasemdir við þessar aðalskipulagsbreytingar.	
2. Vinir íslenskrar náttúru Sveinn Runólfsson	
<p>Vísað er til fyrri umsagnar Vina íslenskrar náttúru, VÍN um ofangreint málefni frá 25.7.2024.</p> <p>Hér verður aðeins fjallað um lið 8. Endurheimt fjölbreytts gróðurfars í greinargerð tillögunnar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Ólafsdal. Gerð er athugasemd við heiti 8. greinar: Endurheimt fjölbreytts gróðurfars. Hér er það ítrekað að ekki mun vera til nýlegt og faglegt mat á ástandi lands í Ólafsdal, en ekkert bendir til þess að ástandi lands og gróðurs þar sé ábótavant. Ekkert kemur fram í tillögunni við hvaða tímabil er miðað þegar rætt er um endurheimt fjölbreytts gróðurfars. Á að miða við landnám eða gróðurfars um 1900 þegar Bændaskólinn var starfandi? Í raun og veru er lítið vitað um gróðurfarið á þessum tímabilum og því rangt að nota hugtakið endurheimt. Líklegt er að ástand gróðurs í dalnum sé nú betra en var um 1900, þegar vetrararbeit tíðkaðist. Betra er að nota: Svæði með fjölbreyttu gróðurfari. Til þess að vernda fornminjar og aðrar minjar í Ólafsdal er afar brýnt að óheimilt verði með öllu að gróðursetja trjákenndar plöntur í Ólafsdal. Flestar þeirra hafa mikla tilhneigingu til að dreifa sér og hylja fornminjar eins og dæmin sanna um birkið sem kaffært hefur fornminjar á Vestfjörðum þegar sauðfjárbeit hætti á hlutaðeigandi svæðum.</p>	<p>Til að vernda fornminjar og aðrar minjar hafa gróðursvæði verið afmörkuð á uppdrætti m.t.t. minja og vistgerða á svæðinu.</p> <p>Árið 2020 var unnin fornúhverfisrannsókn við skálarúst í Ólafsdal fyrir Minjavernd, þar sem greining frjókorna og þess jarðvegs sem þau hafa varðveist í er beitt til að draga fram sögu staða, eðli landnýtingar og áhrif mannvistar á auðlindir og umhverfi. Megin markmið rannsóknarinnar var að draga upp mynd af því umhverfi sem skálinn var byggður í, hvort eða hvernig það umhverfi breyttist með tilkomu mannvistar í dalnum og hvers kyns landnýting fór fram á landnámsöld og á síðari öldum. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna gróðurfars í Ólafsdal í gegnum aldirnar, sem stuðst er við við endurheimt fjölbreytts gróðurfars.¹</p> <p>Í samningi Minjaverndar og Ólafsdalsfélagsins við íslenska ríkið frá árinu 2015 felst að samningsaðilar munu standa saman að því stuðla að varðveislu þeirrar merku menningarheildar sem felst í sögu og tilvist Ólafsdals, og tryggja að minjar skili sér til komandi kynslóða, sbr. 11. grein samningsins. : „Samningsaðilar munu standa saman að því að vinna að markmiðum samnings þessa. Það gerist með því að stuðla að varðveislu þeirrar merku menningarheildar sem felst í sögu og tilvist Ólafsdals og tryggja að svo sem verða má að sú saga og minjar skili sér til komandi kynslóða. Í þessu felst m.a. að almennigur muni eiga frjálsa för um Ólafsdal til að berja þar augum mannvirki, jarðræktarminjar og náttúrufar staðarins til framtíðar.“</p> <p>Í því felst að tryggja að gróður verði ekki til að spilla minjum né menningarlandslagi.</p> <p>„Að því marki sem gróðursett verður skal velja tegundir sem falla að gróðurfari í Ólafsdal og/eða rannsóknir benda sterklega til að hafi verið þar á fyrri tíð og draga ekki úr gildi hins einstaka búsetulandslags í Ólafsdal.“</p>

¹Egill Erlendsson. 2020. Fornúhverfisrannsókn við skálarúst í Ólafsdal. Skýrsla unnin fyrir Minjavernd. Háskóli Íslands, Líf- og umhverfivísindastofnun.

<p>Gerð er veruleg athugasemd við eftirfarandi ákvæði: „Að því marki sem gróðursett verður skal velja tegundir sem falla að gróðurfari í Ólafsdal og/eða rannsóknir benda sterklega til að hafi verið þar á fyrri tíð“. Þetta er afar óljóst orðalag og spurt er til hvers þarf að gróðursetja í Ólafsdal? Ef gripið yrði til þess óyndis úrræðis að gróðursetja plöntur í Ólafsdal verður að tryggja að það verði ekki framandi ágengar tegundir. Gera verður kröfu um að Minjavernd ehf. fjarlægji nú þegar þær girðingar sem settar hafa verið upp í Ólafsdal. Þær þjóna engum tilgangi, eru ekki fjárheldar, sem betur fer og eru lýti í landslaginu. Einu girðingarnar sem væru réttlætanager í dalnum, væru umhverfis bæjarhúsin. Trjákenndur gróður mun þegar fram líða stundir ógna þessum einstöku menningarminjum og því hefðbundna búsetulandslagi sem er aðall staðarins.</p> <p>Hér er eindregið lagt til að allur texti í lið 8 verði strikaður út að undantekinni síðustu setningunni, sem héldist óbreytt í lok málgreinar. Greinin yrði því eftirfarandi:</p> <p>8. Svæði með fjölbreyttu gróðurfari Til þessa að vernda fornminjar og aðrar minjar í Ólafsdal er óheimilt að gróðursetja trjákenndar plöntur í Ólafsdal. Ennfremur er óheimilt að gróðursetja framandi og hugsanlega ágengar tegundir í Ólafsdal. Trjákenndur gróður og ágengar plöntutegundir geta þegar fram líða stundir ógnað þessum einstöku menningarminjum og því hefðbundna búsetulandslagi sem er aðall staðarins. Tryggja verður að lúpína og skógarkerfill, eða aðrar framandi ágengar tegundir, berist ekki inn í dalinn. Ef það gerist verður að fjarlægja þær samstundis. Minjavernd ehf. fjarlægji í sumar allar girðingar í Ólafsdal og lagfæri það rask sem af þeim hefur hlotist. Heimilt er að girða umhverfis bæjarhúsin. Leitast verður við að hófleg sauðfjárbreit fái að viðgangast í Ólafsdal til að vernda fornminjar gegn ágangi gróðurs sem mun aukast verulega þegar og ef sauðfjárbreit nýtur ekki lengur við.</p> <p>Breyting á gróðurþekju dalsins mun eiga sér stað á löngum tíma og bera þess keim að hún sé frekar sprottin af náttúrulegum orsökum en af manna völdum.</p>	<p>Við breytingu á deiliskipulagi Ólafsdals árið 2022 var haft samráð við fulltrúa Skógræktarinnar (nú: Land og skógur) sem kom að vali á tegundum fyrir svæðið. Einnig var unnin fornumhverfisrannsókn og eru niðurstöður hennar einnig hafðar til leiðbeiningar við val á tegundum. Ekki verður um ágengar eða framandi tegundir að ræða og til að árétta það er eftirfarandi bætt við skilmála svæðanna: <i>óheimilt er að gróðursetja framandi og hugsanlega ágengar tegundir.</i></p> <p>Til að árétta að þeir skilmálar séu enn í gildi var í greinargerð með deiliskipulagsbreytingu bætt við setningunni: <i>Vísað er til skilmála sem settir voru í deiliskipulagsbreytingu árið 2022 fyrir skógræktarsvæði fyrir skógræktarsvæði (nú svæði til endurheimtar fjölbreytts gróðurfars) og gilda þeir eftir sem áður um svæðin, t.d. er varðar heimilar tegundir.</i> Við skilmála svæðanna bætist: <i>Óheimilt er að gróðursetja framandi og hugsanlega ágengar tegundir.</i></p> <p>Í samningi Minjaverndar og Ólafsdalsfélagsins við íslenska ríkið frá árinu 2015 kemur fram í 5. grein að <i>„til að ná fram markmiðum samningsaðila um verndun og uppræðslu er umsjónaraðila heimilt að verja það landssvæði sem samningur þessi nær til gegn ágangi búfjár með girðingum, grindarhliðum eða öðrum þeim hætti sem hann telur nauðsynlegan. Á það einnig við um girðingar efst við fjallsbrúnir, þótt utan umsamins umsjónarlands sé. Slíkum girðingum verður fyrir komið með þeim hætti að hægt verður að reka fé skipulega af fjalli svo sem verið hefur.“</i></p>
--	---

<p>Rætt er um að byggja 20 smáhýsi, allt að 400 fm. Þessi tillaga virkar nokkuð á skjön við aðrar byggingar á staðnum og væri æskilegt, ef þörf er á meira rými fyrir gesti að byggja í svipuðum stíl og eldri byggingar á staðnum, og er þá skólahúsið nærtæk fyrirmynd.</p>	<p>Dalabyggð fellst á að reitur 3.2.20. henti ekki fyrir þessar byggingar af þremur ástæðum:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Húsin takmarka og þrengja að slóð/vegi inn í dalinn, þar sem á aðra hönd er bratti og hina friðaðar beðasléttur. Dalurinn sjálfur þarf að vera aðgengilegur gestum, án þreningar. 2. Húsin skyggja á stórkostlegt útsýni inn í dalinn frá þeim húsum sem komin eru, ekki síst útsýni úr fjósi, sem er stórkostlegt. 3. Húsin skerða sögulegt gildi húsaþyrpingarinnar, þar sem ekki var einkennandi að byggja fjölmörg smáhýsi saman í því menningarlandslagi sem húsaþyrpingin er. <p>Til að bregðast við þessu er gerð sú lagfæring á auglýstri tillögu að byggingareitur 3.2.20 er fluttur norðaustur fyrir húsaþyrpinguna þar sem hvorki eru skráðar minjar né beðasléttur. Á þeim stað er áhrif þeirra talin minni á menningarlandslag húsatorfunnar.</p> <p>Skilmálar um að jákvæð umsögn Minjastofnunar Íslands um byggingaráform á reitnum skuli liggja fyrir áður en sótt er um byggingarleyfi eru að mati nefndarinnar talin styðja vel við verndarsjónarmið.</p>
<p>4. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands</p>	
<p>Heilbrigðiseftirlit Vesturlands bendir á að gera þarf ráð fyrir viðurkenndri rotþró með siturlögn ásamt réttum frágangi við þjónustuhús á áreyrum Ólafsdals, og við önnur þjónustuhús/gistingu í Ólafsdal.</p>	<p>Rotþró/hreinsistöðvum hefur verið bætt á uppdrátt.</p>
<p>5. Ólafsdalsfélagið</p>	
<p>1. Stækkun deiliskipulagssvæðis og nýr byggingarreitur (3.2.21) á Eyrartúninu Áformaður er mjög stór byggingarreitur á Eyrartúninu, yfir 3 hektarar (allt tónið er um 5 hektarar). Á túninu er umfangsmestu beðasléttur í Ólafsdal og mögulega á Íslandi sem er þar með stefnt í voða. Þetta eru auk þess áform sem ekki var samið um í samningi Minjaverndar hf. við ríkissjóðs Íslands og Ólafsdalsfélagið árið 2015. Ólafsdalsfélagið fer því fram á að þessum byggingarreit 3.2.21. verði hafnað að svo komnu máli. Minjavernd þarf að leggja áherslu á að standa við samninginn frá 2015, þ.e. að</p>	<p>Á Ólafsdalseyri við mynni Ólafsdals, þar sem bætt er við byggingarreit fyrir allt að 100m² bátanaust, var áður skv. heimildum allstórt fjárhús með hlöðu, en sjáanleg ummerki eru ekki lengur fyrir hendi. Minjar voru skráðar árið 2018 og er byggingarreitur utan verndarsvæðis skráðra minja. https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_2187.pdf</p> <p>Svæðið sem skilgreint er á áreyrunum er ≤3 sem helgast af því að svæði að 3 ha eru skilgreind með hringtækni á aðalskipulagsuppdrætti. Lóðin sem skilgreind er á deiliskipulagsuppdrætti er 1,2 ha og byggingarreitur 3115 m². Byggingarreitur er hafður</p>

<p>endurreisa einnig gamla skólahúsið (Suðurhúsið), hjallinn og tóvinnuhúsið. Ekkert er enn byrjað á þessum húsum nær 10 árum síðar.</p>	<p>rúmur til að svigrúm sé til að ákvarða besta legu og staðsetningu bátaskýlis þegar að hönnun þess og byggingu kemur, en hámarks byggingarmagn á reitnum er 100 m². Í skilmálum deiliskipulags kemur fram að: <i>"Leitast skal við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við læki á svæðinu og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum, næsta umhverfi vatnsins og öðrum gróðri á svæðinu."</i> Landbúnaðarminjar eru því ekki í hættu, sé skilmálum deiliskipulags fylgt eins og vera ber.</p>
<p>2. Skilgreiningu og stærð byggingarreits 3.2.10 breytt þessi 120 m² byggingarreitur er rétt við minnisvarða Ríkharðs Jónssonar af Torfa Bjarnasyni og Guðlaugu Zakaríasdóttur sem vígður var með viðhöfn árið 1955 á 75 ára afmæli Ólafsdalsskólans. Minnisvarðinn í forgrunni og með skólahúsið í bakgrunni er auk þess vinsælasta mótífið til myndatöku í Ólafsdal. Minnisvarðinn á þá virðingu skilið að þessum byggingarreit verði hafnað af Dalabyggð, enda engin nauðsyn á að byggja hús á þessum stað. Hús þarna mun m.a. stela athygli frá sjálfu skólahúsinu. Nóg er að gert með byggingu svartmálaðs þjónustuhúss framan við skólann sem ekki var þar á tímum Ólafsdalsskólans og ekki umsamið í samningnum árið 2015.</p>	<p>Í fornleifaskráningu Ólafsdals kemur eftirfarandi fram: <i>„Á eldri túnakortum, frá 1888 og fyrr, eru sýnd tvö útihús í túni sem nefndist Steintröð, norðan við bæ. Af útihúsinu sem hér um ræðir sjást óljósar leifar, aðeins um 10 m suðaustan við minnismerkið um hjónin Torfa og Guðlaugu. Hús þetta virðist hafa staðið lengur en hitt, enda er það sýnt á yngri túnakortum, t.d. 1S05 og árið 1S18 er það merkt sem hesthús. Það sést á ljósmynd frá því skömmu eftir 1S00 og hefur sýnilega verið úr torfi og grjóti.“³</i></p> <p>Byggingarreitur 3.2.10. er hugsaður fyrir endurreisn þessa húss, en reiturinn er vestan við tóftirnar til að hlífa þeim og beðasléttum austan tóftanna. Hann er á upprunalegu deiliskipulagi Ólafsdals en er í breytingu þessari færður fjær minnismerki Torfa og Guðlaugar, lögum hans breytt og hann stækkaður lítillega í 150 m² en hámarksbyggingarmagn er 120m².</p> <p>Bætt er við skilmála fyrir reitinn að <i>vanda skuli til hönnunar hússins og áhrif þess á ásýnd og aðkomu staðarins höfð í huga. Tryggja skal að það falli vel að landi og þeirri byggð sem fyrir er.</i> Er þetta gert til að koma til móts við athugasemd þessa.</p>
<p>4. og 5. Byggingarreitir 3.2.9 (100 m²) og 3.2.7 (220 m²) gegnt fjósinu Samkvæmt teikningum Hjörleifs Stefánssonar af þessum húsum munu þau alls ekki verða með sama útliti og smiðjan eða önnur þau hús sem stóðu á bæjartorfunni um 1900. Ef þessu hús eiga að rísa, sem Ólafsdalsfélagið leggst ekki</p>	<p>Þessi athugasemd fjallar ekki um efni þessarar deiliskipulagsbreytingar.</p>

³ Úr fornleifaskráningu Ólafsdals í Gilsfirði. https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_2187.pdf, bls. 49.

<p>sérstaklega gegn, þarf að gera það að kröfu á útlit þeirra, þakhalli, gluggar og ytra byrði verði í samræmi við útlit smiðjunnar eða mjólkurhússins - en alls ekki með því skúrakennda útliti sem einkennir viðbyggingar fjóssins.</p>	
<p>6. Nýr byggingarreitur (3.2.20) rétt sunnan fjóss á gömlu bæjartorfunni Síðasti bóndinn í Ólafsdal hét Gunnars Jóseppson. Um 1965 reisti hann myndarleg 400 m² nútímafjórúsi Ólafsdal nokkru sunnan við fjósið. Þau urðu því miður ekki langlíf og eyðilögðust í stormi um 1970. Nú gerir Minjavernd hf. árið 2024 óvænt tillögu um að reisa um 20 smáhýsi nærri þeir stað sem þessi fjórúsi stóðu, rétt inn af fjósinu, og þar með tvöfalda gistirými í Ólafsdal úr 25 herbergjum í 50 herbergi. Þau áform eru réttlætt með því að þar með sé Minjavernd hf. að efna samninginn frá 2015 um að endurreisa þau hús sem hafi verið í Ólafsdal en hafi fallið eða horfið. Vandinn er bara sá að í samningnum er skýrt tekið fram hvaða sjö hús frá tíma Ólafsdalsskólans (1880-1907) eigi að endurreisa sem næst þeirri mynd sem þau voru. Þar var bar alls ekki samið um að endurreisa 400 m² fjórúsi frá árinu 1965! Hér er því versta falli um hreinan blekkingarleik af hálfu Minjaverndar hf. að ræða en í besta falli lélegan brandara. Þessi smáhýsi eiga engan veginn heima í Ólafsdal. Á þessari merku þjóðjörð ber að leggja mesta áherslu á fræðslu til gesta um sögu og náttúru dalsins sem og sýningar, auk hóflegar gistingar, veitinga og baða. Alls ekki óheftan hótélrekstur. Í texta í tillögu að deiliskipulags fá sept. 2024 segir: „Jákvæð umsögn Minjastofnunar Íslands um byggingar-áformin skal liggja fyrir áður en sótt er um byggingarleiði.“ Jákvæð umsögn Minjastofnunar liggur EKKI fyrir. Ólafsdalsfélagið krefst þess því að Dalabyggð hafni þessum byggingarreit enda eru áform um 20 smáhýsi þar skýrt brot á því að Minjavernd hf. skuli sjá til þess að minjaheildin í Ólafsdal verði í heiðri höfð (samningurinn frá 2015).</p>	<p>Dalabyggð tekur undir að ekki sé æskilegt að byggja smáhýsin á reit 3.2.20 af þremur ástæðum:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Húsin takmarka og þrengja að slóð/vegi inn í dalinn, þar sem á aðra hönd er bratti og hina friðaðar beðasléttur. Dalurinn sjálfur þarf að vera aðgengilegur gestum, án þreningar. 2. Húsin skyggja á stórkostlegt útsýni inn í dalinn frá þeim húsum sem komin eru, ekki síst útsýni úr fjósi, sem er stórkostlegt. 3. Húsin skerða sögulegt gildi húsaþyrpingarinnar, þar sem ekki var einkennandi að byggja fjölmörg smáhýsi saman í því menningarlandslagi sem húsaþyrpingin er. <p>Til að bregðast við þessu er gerð sú lagfæring á auglýstri tillögu að byggingareitur 3.2.20 er fluttur norðaustur fyrir húsaþyrpinguna þar sem hvorki eru skráðar minjar né beðasléttur. Á þeim stað er áhrif þeirra talin minni á menningarlandslag húsatorfunnar. Skilmálar um að jákvæð umsögn Minjastofnunar Íslands um byggingaráform á reitnum skuli liggja fyrir áður en sótt er um byggingarleiði eru að mati nefndarinnar talin styðja vel við verndarsjónarmið.</p> <p>Í samningi Minjaverndar og Ólafsdalsfélagsins við íslenska ríkið frá árinu 2015 kemur fram að jafnframt kunni að verða byggðar nýjar byggingar svo starfsemi geti þrífist, en þær muni falla fullkomlega að þeirri heildarmynd sem fyrir er og verður, sjá 7. grein samningsins:</p> <p><i>„Við endurbyggingu og endurgerð húsa og mannvirkja verður horft til þess að þau hafi eftir því sem kostur er þau eðlis og útlitseinkenni sem þau höfðu í upphafi. Þó verði jafnframt horft til þess að byggingar nýtist sem best og taki eftir því sem eðlilegt þykir út frá viðhorfum Minjaverndar, mið af nútímakröfum um byggingar. Þannig geti einstaka byggingar tekið breytingum frá upphaflegu horfi svo nýtast megi betur. Jafnframt kann að vera að byggðar verði nýjar byggingar svo starfsemi geti þrífist, en þær muni falla fullkomlega að þeirri heildarmynd sem fyrir er og verður.“</i></p> <p>Í 8. grein samningsins kemur fram að</p> <p><i>„Minjavernd gerir ráð fyrir að í húsunum og á svæðinu í heild verði rekin menningartengd ferðaþjónusta, en samhliða verði í þeim komið fyrir sýningu og upplýsingum um það skólastarf sem þarna var og áhrif þess á samfélag landsmanna á þeim tíma og</i></p>

	<p><i>þróun þess.</i></p> <p>Í samningnum kemur einnig fram að forsenda þess að Minjavernd geti tekið endurreisnarverkefnið að sér sé sú að eignum og lóðarréttindum í Ólafsdal verði afsalað til Minjaverndar í þessu markmiði án annarra kvaða en getið sé um í samningnum.</p> <p>Það hefur því legið fyrir frá undirritun samnings að fyrirhuguð væri menningartengd ferðaþjónusta þar sem boðið yrði upp á hótulgistingu, og mögulega yrðu byggðar nýjar byggingar til að slík starfsemi verði rekstrarhæf. Til að tryggja að nýjar byggingar falli fullkomlega að heildarmynd svæðisins eru sett skilyrði um jákvæða umsögn Minjastofnunar við umsókn um byggingarleyfi.</p>
--	--

<p>8. Endurheimt fjölbreytts gróðurfars - óþörf og skaðleg skógræktaráform</p> <p>Skógræktaráform Minjaverndar hf. í Ólafsdal eru kapituli út af fyrir sig. Þriðja útgáfa deiliskipulags þeirra fyrir Ólafsdal var lögð fram 2022. Þar var skyndilega gert ráð fyrir skógrækt á yfir 50 hektara svæði, jafnt innan heimatúna sem utan þeirra.</p> <p>Þessum áformum var harðlega mótmælt af Ólafsdalsfélaginu, Minjastofnun, Vinum íslenskrar náttúru (VÍN), Fornleifastofnun Íslands, prófessor Bjarna Guðmundssyni á Hvanneyri o.fl. En Minjavernd hf. hefur enn ekki látið segjast nema að litlu leyti þrátt fyrir hörð mótmæli. Í fjórðu útgáfu deiliskipulags fyrir Ólafsdal vorið 2024, og sem hér er til umræðu, er enn gert ráð fyrir trjáplöntun á um 40 hektara svæði í dalnum. Reyndar hefur Minjavernd hf. nú fundið upp nýtt heiti á skógræktarsvæðum og kallar þau nú „svæði til endurheimtar fjölbreytts gróðurfars“. En úlfur verður áfram úlfur þó í sauðagæru sé. Það er skoðun Ólafsdalsfélagsins að trjáplöntun í Ólafsdal sé allsendis óþörf enda dalurinn vel gróinn að fjallsbrúnum.</p> <p>Núverandi girðingu Minjaverndar hf. í dalnum (frá 2016-2017) ætti hin vega helminga þannig að hún afmarkaðist við heimatún. Mikilvægt er að hófleg sauðfjárbætt verði í Ólafsdal til að minjar fari ekki undir sinu. Rannsóknir hafa EKKI sýnt fram á skóg í Ólafsdal á söguöld og landið þar á að fá að vera í friði og hafa þann framgang sem náttúrulegur er. Í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands um „Fornleifar í Ólafsdal við Gilsfjörð“ er umfangsmikil skráning á beðasléttum og öðrum minjum í Ólafsdal. Þar segir: Ólafsdalsfélagið . Erluhrauni</p>	<p>Í samningi Minjaverndar og Ólafsdalsfélagsins við íslenska ríkið frá árinu 2015 segir í 9. grein:</p> <p><i>„Minjavernd mun jafnframt vinna að því að klæða land í Ólafsdal gróðri í meira mæli en nú er þeim tegundum sem heppilegar þykja. Horft verður til þess að girða dalinn afsvo að það geti gengið fram, en jafnframt skoðað með hvaða hætti slíkum griðingum verður komið fyrir svo að hægt verði að reka fé að fjalli svo sem verið hefur.“</i></p> <p>Áform um gróðurækt í Ólafsdal ættu því ekki að koma forsvarsmönnum Ólafsdalsfélagsins í opna skjöldu.</p> <p>Breytingin er gerð til að koma til móts við athugasemdir sem borist hafa við deiliskipulagið og lýsa áhyggjum um að í ráði sé að breyta gróðurfari óhóflega með skógrækt. Breyting þessi er gerð til að á rétta að svo er ekki, og er farið nánar í það í greinargerð breytingar. Markmið með tillögum um endurheimt fjölbreytts gróðurfars er að styðja við náttúrulega þróun gróðurs á svæðinu. Sérstaklega afmörkuð gróðursvæði eru hugsuð til að styrkja minjavernd svæðisins og tryggja að minjar verði ekki fyrir skemmdum af völdum gróðurs.</p> <p>Í aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 er eftirfarandi ákvæði um hverfisverndarsvæði HV7 – Ólafsdal í Gilsfirði: "Vernda skal náttúrulegt gróðurfar og stuðla að uppgræðslu og skógrækt í sátt við menningarlandslagið."</p>
---	--

<p>4. 220 Hafnarfirði . www.olafsdalur.is . s 693-2915 . kt. 610607- 2090 „Ein aðalniðurstaða rannsóknarinnar er sú að Ólafsdalur í heild sinni er einstakur minjastaður. Þar kemur margt til. Minjar frá tíð búnaðarskólans eru ótrúlega vel varðveittar og ber allur 6 dalurinn þess merki að þar var ekki stundaður venjulegur búskapur. Túnið var t.d. miklu stærra en hefði mátt vænta fyrir jörð af þessari stærðargráðu í upphafi 20. aldar eða 18,6 hektarar.“</p>	<p>Afmörkun hentugra uppgræðslusvæða með tilliti til minjaskráningar og vistgerða og skilgreining hentugra tegunda er liður í því að stýra mögulegri uppgræðslu og skógrækt, sem heimild er fyrir í skilmálum hverfisverndarsvæðis HV7, í farsælan farveg. Skilmálar þessir eru til þess fallnir að takmarka slíka uppgræðslu, og taka af allan vafa um að ekki er í ráði að fara í eiginlega skógrækt á svæðinu, aðeins minniháttar uppgræðslu og endurheimt fjölbreytts gróðurfars á svæðinu.</p>
--	---

8. Torfi Ólafur Sverrisson	
<p>Nýr byggingarreitir sunnan við Haughúsið Umsamin markmið um endurbyggingu hús í Ólafsdal tengdust rekstri og starfrækslu skóla Torfa Bjarnasonar. Þetta eru nýja skólahúsið, fjósið og mjólkurhúsið sem enn standa að hluta en jafnframt smiðjuna, gamla skólahúsið, hjallinn og tóvinnuhúsið. Hugmyndir um smáhýsi samræmast því engan vegin endurbyggingar og varðveislúaætlun og umbylta þessum áformum og skaða þá umgjörð og mynda af búnaðarskólanum sem til stóða að endurbyggja og sóst er eftir. Óskað er eftir að Dalabyggð samþykk ekki þennan byggingarreit.</p>	<p>Dalabyggð tekur undir að ekki sé æskilegt að byggja smáhýsin á reit 3.2.20 af þremur ástæðum:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Húsin takmarka og þrengja að slóð/vegi inn í dalinn, þar sem á aðra hönd er bratti og hina friðaðar beðasléttur. Dalurinn sjálfur þarf að vera aðgengilegur gestum, án þreningar. 2. Húsin skyggja á stórkostlegt útsýni inn í dalinn frá þeim húsum sem komin eru, ekki síst útsýni úr fjósi, sem er stórkostlegt. 3. Húsin skerða sögulegt gildi húsabyrpingarinnar, þar sem ekki var einkennandi að byggja fjölmörg smáhýsi saman í því menningarlandslagi sem húsabyrpingin er. <p>Til að bregðast við þessu er gerð sú lagfæring á auglýstri tillögu að byggingareitur 3.2.20 er fluttur norðaustur fyrir húsabyrpinguna þar sem hvorki eru skráðar minjar né beðasléttur. Á þeim stað er áhrif þeirra talin minni á menningarlandslag húsatorfunnar.</p> <p>Skilmálar um að jákvæð umsögn Minjastofnunar Íslands um byggingaráform á reitnum skuli liggja fyrir áður en sótt er um byggingarleyfi eru að mati nefndarinnar talin styðja vel við verndarsjónarmið.</p>

⁴Egill Erlendsson. 2020. Fornumhverfisrannsókn við skálarúst í Ólafsdal. Skýrsla unnin fyrir Minjavernd. Háskóli Íslands, Líf- og umhverfisvísindastofnun.

<p>Endurskýring á skógræktaráformum Nú hefur Minjavernd endurskirt fyrri áform sín um skógrækt í „Endurheimt fjölbreytts gróðurfars“. Það er engin útlistun á tegundavali í nýrri deiliskipulagstillögu og því er í raun ekki um neina breytingu á fyrri áformum að ræða. Ekki verður annað sé en fyrri samþykkt um skógrækt muni gilda gagnvart nýju deiliskipulagi.</p> <p>Það er því ekki hægt að sjá annað en Minjavernd geti staðið að skógrækt sem alls ekki á við Ólafsdal.</p> <p>Ólafsdalur á sér einstaka sérstöðu hvað menningarlandslag varðar, hann er í heild sinni einstakur minjastaður. Hvergi á Íslandi er að finna jafn umfangsmiklar minjar af búnaðarháttum fyrri tíma, líkt og umfangsmiklar og glöggar beðasléttur, áveitumannvirki eða grjóthleðslur bera vott um. Allt var þetta hluti af verknámi búnaðarskólans og því þýðinga miklar minjar um fyrri tíma landbúnað.</p> <p>Nútíma vélabúskapur hefur lítið raskað jörðinni frá tíð búnaðarskóla Torfa og Guðlaugar 1880 - 1907, hófleg beit hefur einnig hjálpað til. Dalurinn hefur aldrei tjaldað trjágróðri hvorki í seinni tíð eða á fyrri öldum. Afleiðingar trjáplöntunar í Ólafsdal munu þegar fram liða stundir verða þær að trjáplöntur mun hægt og bítandi dreifa sér um jörðina og þar með valda eyðingu minja eða þær hverfa sjónum, nú þegar hefur trjágróður skaðað eða eytt fornminjasvæðum annars staðar á Íslandi.</p> <p>Trjáplöntun mun umbylta því sem hér hefur verið list að Ólafsdalur er í heild sinni einstakur minjastaður. Ólafsdalur er allur meira og minna gróinn, langt upp í fjallshlíðar, svo ekki er nein þörf fyrir að bjarga jarðvegi frá eyðingu. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að: „Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru og menningarminja“. Þetta er göfug yfirlýsing og henni er best framfylgt með raunverulegri minjavernd sem er að láta allar hugmyndir um trjáplöntun lönd og leið sjá til þess að hófleg beit eigi sér stað. Óskað er eftir að Dalabyggð samþykki ekki þessi dulbúnu skógræktaráform og girði fyrir alla trjáplöntun í Ólafsdal af mannavöldum.</p>	<p>Breytingin er gerð til að koma til móts við athugasemdir sem borist hafa við deiliskipulagið og lýsa áhyggjum um að í ráði sé að breyta gróðurfari óhóflega með skógrækt. Breyting þessi er gerð til að áréttu að svo er ekki, og er farið nánar í það í greinargerð breytingar. Markmið með tillögum um endurheimt fjölbreytts gróðurfars er að styðja við náttúrulega þróun gróðurs á svæðinu. Sérstaklega afmörkuð gróðursvæði eru hugsuð til að styrkja minjavernd svæðisins og tryggja að minjar verði ekki fyrir skemmdum af völdum gróðurs.</p> <p>Í aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 er eftirfarandi ákvæði um hverfisverndarsvæði HV7 – Ólafsdal í Gilsfirði: "Vernda skal náttúrulegt gróðurfar og stuðla að uppgræðslu og skógrækt í sátt við menningarlandslagið." Afmörkun hentugra uppgræslusvæða með tilliti til minjaskráningar og vistgerða og skilgreining hentugra tegunda er liður í því að stýra mögulegri uppgræðslu og skógrækt, sem heimild er til í skilmálum hverfisverndar- svæðisins, í farsælan farveg. Skilmálar þessir eru til þess fallnir að takmarka og stýra slíkri uppgræðslu. Við gerð breytingarinnar árið 2022 var haft var samráð við fulltrúa Skógræktarinnar (nú: Land og skógur) sem kom að vali á tegundum fyrir svæðið, en þar segir m.a.:</p> <p><i>„Horfa skal til lágvaxinna tegunda svo sem birkis og víðis (s.s. gulvíðis, loðvíðis og jörfavíðis). Einnig mætti planta reyni í bland við birki og víði, til að brjóta upp og fá fallega haustliti í þekjuna. Nota má loðvíði á jöðrum til að brjóta hann upp og varast skal beinar línur og skörp skil í gróðurþekjunni.“</i></p> <p>Til að áréttu að þeir skilmálar séu enn í gildi var í greinargerð með deiliskipulagsbreytingu bætt við setningunni: <i>Vísad er til skilmála sem settir voru í deiliskipulagsbreytingu árið 2022 fyrir skógræktarsvæði fyrir skógræktarsvæði (nú svæði til endurheimtar fjölbreytts gróðurfars) og gilda þeir eftir sem áður um svæðin, t.d. er varðar heimilar tegundir. Við skilmála svæðanna bætist: Óheimilt er að gróðursetja framandi og hugsanlega ágengar tegundir.</i></p>
---	---

10. Torfi Markússon	
<p>1. Áform um plöntun trjáa í Ólafsdal. Um er að ræða einstakt menningarlandslag í Ólafsdal sem hefur varðveist m.a. vegna hóflegar beitar í dalnum og að ekki varð um frekari búskap að ræða eftir 1970. Því hefur beðasléttum, einstök vatnsveitukerfi og öðrum einstökum jarðvegsminjum ekki verið raskað. Að kalla þessi áform um trjáplöntun „endurheimt fjölbreytts gróðurfars“ er hlægilegt en jafnframt sorglegt. 1.1 Það á því ekki að planta einu einasta tré í Ólafsdal og vísa ég m.a. í umsagnir Vina íslenskrar náttúru varðandi það. Einnig hafa fornleifafræðingarnir, sem hafa í mörg undanfarið sumur verið við fornleifa rannsóknir í Ólafsdal, alfarið lagst gegn trjáplöntun í dalnum. 1.2 Ef stjórn og forsvarsmenn Minjaverndar hafa slíkan einlægan áhuga á trjárækt bið ég þá um að snúa sér annað í þeim efnum en í Ólafsdal. Sveinn Runólfsson fv. Landgræðslustjóri gæti eflaust verið þeim innan handar um hentug svæði til landgræðslu og trjáplöntunar/skógræktar.</p>	<p>Breytingin er gerð til að koma til móts við athugasemdir sem borist hafa við deiliskipulagið og lýsa áhyggjum um að í ráði sé að breyta gróðurfari óhóflega með skógrækt. Breyting þessi er gerð til að árétta að svo er ekki, og er farið nánar í það í greinargerð breytingar. Markmið með tillögum um endurheimt fjölbreytts gróðurfars er að styðja við náttúrulega þróun gróðurs á svæðinu. Sérstaklega afmörkuð gróðursvæði eru hugsuð til að styrkja minjavernd svæðisins og tryggja að minjar verði ekki fyrir skemmdum af völdum gróðurs.</p>
<p>Áform um byggingu smáhýsa og annarra bygginga sem ekki voru á tímum búnaðarskólans í Ólafsdal.</p> <p>2.1 Þessi smáhýsa áform eru gersamlega úr takti við allt á svæðinu og þá einstöku minjaheild sem fyrir er og var áður. Nóger Minjavernd búið að eyðileggja nú þegar í dalnum t.d. með að mínu mati með afar útlitslega mislukkaðri endurbyggingu fjóssins, þeirri einstöku sögufrægu byggingu. 2.2 Það er Minjavernd til skammar að fara fram á ofangreind áform og í því fellst ekki minjavernd heldur beinlínis aðför að þeim einstöku jarðvegs- og byggingaminjum sem eru í dalnum. Ólafsdalur og það menningarlandslag og minjar sem þar eru er vonandi enn ekki það mikið raskað af framkvæmdum Minjaverndar að dalurinn geti komist á heimsminjaskrá UNESCO. Því verður að stoppa þessi áform Minjaverndar.</p>	<p>Dalabyggð tekur undir að ekki sé æskilegt að byggja smáhýsin á reit 3.2.20 af þremur ástæðum:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Húsin takmarka og þrengja að slóð/vegi inn í dalinn, þar sem á aðra hönd er bratti og hina friðaðar beðasléttur. Dalurinn sjálfur þarf að vera aðgengilegur gestum, án þreningar. 2. Húsin skyggja á stórkostlegt útsýni inn í dalinn frá þeim húsum sem komin eru, ekki síst útsýni úr fjósi, sem er stórkostlegt. 3. Húsin skerða sögulegt gildi húsabyrpingarinnar, þar sem ekki var einkennandi að byggja fjölmörg smáhýsi saman í því menningarlandslagi sem húsabyrpingin er. <p>Til að bregðast við þessu er gerð sú lagfæring á auglýstri tillögu að byggingareitur 3.2.20 er fluttur norðaustur fyrir húsabyrpinguna þar sem hvorki eru skráðar minjar né beðasléttur. Á þeim stað er áhrif þeirra talin minni á menningarlandslag húsatorfunnar.</p> <p>Skilmálar um að jákvæð umsögn Minjastofnunar Íslands um byggingaráform á reitnum skuli liggja fyrir áður en sótt er um byggingarleyfi eru að mati nefndarinnar talin styðja vel við verndarsjónarmið.</p>

<p>4. Annað. Megi áform um þjóðgarð í Ólafsdal verða að veruleika. Slíkt væri Dalamönnum sem og landsmönnum öllum og komandi kynslóðum til heilla.</p>	<p>Fjölbreytt starfsemi í Ólafsdal við getur vel rúmast innan þjóðgarðs, verði ákveðið að gera svæðið að þjóðgarði.</p> <p>Fjölbreytt starfsemi á við þá sem fyrirhuguð er í Ólafsdal, móttaka ferðafólks, gistiþjónusta, fræðsla og afþreyingarstarfsemi, getur vel rúmast innan þjóðgarðs. Slík starfsemi er raunar til þess fallin að styrkja starfsemi þjóðgarðs, svo sem hvað varðar að vernda, viðhalda og þróa, að upplifa, og að skapa, en það eru sem dæmi markmið Vatnajökulsþjóðgarðs (skv. stjórnunar- og verndaráætlun garðsins)⁵, og mætti gera sér í hugarlund að markmið þjóðgarðs í Ólafsdal/Dölunum yrðu af áþekkingu toga.</p> <p>Í 2. gr. laganna um Vatnajökulsþjóðgarð segir að markmið með stofnun þjóðgarðsins sé að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar svæðisins og gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru þess og sögu. Auðvelda skuli almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist og veita fræðslu um náttúru, sögu og mannlíf.</p> <p>Í greinargerð með frumvarpi til laga um Vatnajökulsþjóðgarð er einnig umfjöllun um markmiðin með stofnun þjóðgarðsins. Þar segir að stofnun þjóðgarðsins sé til þess fallin að</p>
--	--

⁵ Sjá hér: https://prismic-io.s3.amazonaws.com/vatnajokulsthjodgardur/2c39eb78-dd8b-4122-ad29-300826409421_3.-utgafa-sogv-med-samth.-vidaukum-og-breytingum-juli-2022-hreint-skjal.pdf

	<p>styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni hans. Sem dæmi þá eru sett þrjú meginmarkmið fyrir Vatnajökulsþjóðgarð, í verndar og stjórnunarátætlun garðsins. Þau eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> - að vernda, viðhalda og þróa, - að upplifa - að skapa. <p>Að vernda, viðhalda og þróa:</p> <p>-Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs leitast við, með stefnu sinni, ákvörðunum og í framkvæmd, að tryggja verndun náttúru og menningarminja og viðhald gæða og sérstöðu Vatnajökulsþjóðgarðs. Að upplifa:</p> <p>-Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs leitast við, með stefnu sinni, ákvörðunum og í framkvæmd, að tryggja að það sé einstök upplifun að heimsækja og dvelja í Vatnajökulsþjóðgarði sem gestur, sem starfsmaður eða vísindamaður og að heimamenn telji það til aukinna gæða að búa í þjóðgarðinum eða á áhrifasvæði hans.</p> <p>Að skapa:</p> <p>-Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs leitast við, með stefnu sinni, ákvörðunum og í framkvæmd, að ýta undir að gæði og sérstaða þjóðgarðsins sé nýtt til frekari eflingar atvinnu og búsetu á svæðinu, til nýsköpunar í atvinnulífi, til listsköpunar og miðlunar á menningu svæðisins. <u>Sú grunnhugsun að þjóðgarðurinn þjóni ekki aðeins náttúruvernd heldur einnig vexti og viðgangi samfélagsins á áhrifasvæði hans er í góðu samræmi við nútímalegar áherslur í mótun þjóðgarða.</u> Vatnajökulsþjóðgarður er því eðlilega og óhjákvæmilega samstarfsverkefni stjórnsýslu, íbúa og fyrirtækja. Allir þessir aðilar þurfa að ná sátt um sameiginlegar áherslur og skuldbinda sig til að fylgja þeim en njóta í staðinn þess aukna afraksturs sem fæst þegar allir leggjast á eitt.</p> <p>Þetta sýnir að ef Ólafsdalur verður gerður að þjóðgarði þá kemur það ekki í veg fyrir að fjölbreytt starfsemi geti þróast á staðnum, heldur hvetur þvert á móti til þess. Uppbygging í Ólafsdal er tækifæri til að miðla menningarsögu staðarins með fjölbreyttum aðferðum og einnig til að þjóna vexti og viðgangi samfélagsins m.a. með því að skapa störf og þannig forsendur fyrir búsetu á svæðinu, í samræmi við nútímalegar áherslur í mótun þjóðgarða.</p>
8. Guðrún Hallgrímsdóttir	
Ólafsdalur í Dalabyggð Deiliskipulag breyting	Umsögn þessi barst við aðalskipulagsbreytingu í Ólafsdal en fjallar um deiliskipulagsbreytingu í Ólafsdal og því er brugðist við henni hér, með

<p>1. Samræmast fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi Ólafsdals tillögum Dalabyggðar um stofnun þjóðgarðs með miðstöð í Ólafsdal?</p> <p>2. Hefur lögbundin minjarannsókn farið fram á fyrirhuguðum stækkuðum byggingareitum?</p>	<p>öðrum athugasemdum við deiliskipulagsbreytinguna.</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Já, breytingarnar koma ekki í veg fyrir að stofna megi þjóðgarð á svæðinu og gætu orðið þjóðgarði til framdráttar. Ef stofnun þjóðgarðs verður að veruleika mun það kalla á frekari samræmingu og útfærslu í samvinnu viðeigandi aðila. 12. Já, sjá minjaskráningu frá árinu 2018 og vitnað er til í greinargerð. Finnist áður óþekktar minjar við framkvæmdir verða framkvæmdir stöðvaðar tafarlaust og farið með þær í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2010.
--	---

	<p><i>skógræktarsvæði fyrir skógræktarsvæði (nú svæði til endurheimtar fjölbreytts gróðurfars) og gilda þeir eftir sem áður um svæðin, t.d. er varðar heimilar tegundir. Við skilmála svæðanna bætist: Óheimilt er að gróðursetja framandi og hugsanlega ágengar tegundir.</i></p> <p>Árið 2020 var unnin fornumhverfisrannsókn við skálarúst í Ólafsdal fyrir Minjavernd, þar sem greining frjókorna og þess jarðvegs sem þau hafa varðveist í er beitt til að draga fram sögu staða, eðli landnýtingar og áhrif mannvistar á auðlindir og umhverfi. Megin markmið rannsóknarinnar var að draga upp mynd af því umhverfi sem skálinn var byggður í, hvort eða hvernig það umhverfi breyttist með tilkomu mannvistar í dalnum og hvers kyns landnýting fór fram á landnámsöld og á síðari öldum. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna gróðurfars í Ólafsdal í gegnum aldirnar, sem stuðst er við við endurheimt fjölbreytts gróðurfars.⁶</p>
--	---

⁶Egill Erlendsson. 2020. Fornumhverfisrannsókn við skálarúst í Ólafsdal. Skýrsla unnin fyrir Minjavernd. Háskóli Íslands, Líf- og umhverfisvísindastofnun